10. <u>Í Hornvík. Stutt ferðasaga.</u>

1 1/2 blað fol. Rithönd og höfundur ókunnur.

Jeg var til sjós síðast liðið ár, í kringum Ísland í sjö mánuði. og kom nokkuð víðar enn (á) hvergi sem eg hefi ekki komið áður, nema á Hornsvík. þess vegna þótti mjer líka mest varið í að koma þar. þegar við vorum búnir að hafna okkur, var farið að sækja snjó til að frista með síld, sem við veiddum þar fyrir utann. og rjett á eptir kom bóndi þar af einum bænum, með fjórar flöskur af mjólk, og vildi selja þær fyrir hoppmanns drapa, því þeir eru þar finasta vara, enn þeir voru ekki til, þá var nú næsta vara tóbak, loksins keyptum við mjólkina fyrir aura, sem ekki var þar góð vara. því þar er einginn verzlun. nema útibú frá Ásgeir á Ísafirði. og vanalega ekki verzlað nema 3 eða 4 vikur á ári. og þá fæst og stundum ekki neitt til. enn í aðra kaupstaði er ekki fljótfarið, það er 8 klukkutíma ferð enn á vetrum ófært. og þegar búið er að fara þessa 8 tíma, þá eru eptir 2 til 3 tímar á sjó. í góðu veðri. við beiddum þennan blessaða náunga sem seldi okkur mjólkina, að selja okkur skir. og það gjörði hann. enn það var eins og illa ist mjólk. og gall súrt, það hefur líklega ekki verið til neitt efni í það. þessi blessaði maður sem talaði við okkur sagði margt að vestann og norðann úr Húnavatnssýslu, sem eg get ekki sagt núna, um kvöldið fóru tveir. heim til kaupmannsins, að fá keypta mjólk. þegar þeir komu heim. hittu þeir tvær konur. úti og heilsuðu uppá þær. enn þá fóru þær inn og önsuðu ekki neinu. og þeir komu við so búið. þar hvörtuðu þeir um, að ekkert fiskaðist, enn um morguninn þegar við fórum var logn. og þegar við komum út fyrir víkur munnann. höfðu ekki segl af logni. og fóru þá sumir að renna, og drógu þá nógan fisk. þorsk og þirsling, þetta var í mesta lagi klukkutíma róður, enn so langt hafa þeir aldrei farið að leita að fiski. þeir voru líka beitu lausir, þó að víkinn væri full af síld.

og smá upsa. því þeir eiga ekkert. net.
og jeg held aungva framfarir kvæmd sem stoðar
nokkuð. af því hvað samgaungurnar eru torsóttar.
enda munu þeir líka muna fremur eptir hoppmanns
drapunum. heldur enn eptir garninu í netunum
ekki fá þeir klukkuverk af messugjörðum. því
þeir sem best sóka kirkju þar. fara einusinni
á ári. og hvað sem þessu líður. þá fer
þaðann enginn. og eingin ber stöð þar auður.
í sumar af þremur. og ekki sokja þeir eptir
að fjölga þar mönnum. því ef matar kemur
þar. þá flúta þeir sjer inn. og láta aptur og
koma ekki út aptur fyrr enn þeir eru farnir.
nú get eg ekki verið að lísa. Hornvík leingur
því nóg er komið af so góðu. verst er að
það er satt. og þarna sjáið þið kurteisina
þeirra á Hornvík.